

Úr gisskiptu Samvinnu lífeyris,  
1994



*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 121/423*

*komudagur 12/12 1996*

## TRYGGINGAFRÆÐILEGAR ÚTTEKTIR OG GILDI ÞEIRRA


eftir Bjarna Guðmundsson, tryggingastærðfræðing.

### 1. Nokkur hugtök varðandi lífeyrisréttindi

Í þróuðum þjóðfélögum aflar þorri manna sér framfæris sem launþegar. Við brotfall launatekna þegar látið er af störfum sakir aldurs eða sjúkleika, eða við missi fyrirvinnu vegna dauðsfalls, verður oftast þörf fyrir tekjur í stað þeirra launatekna sem brott hafa fallið. Frjáls sparnaður launþegans af launatekjum á starfsævinni ásamt bóttum almannatrygginga geta bætt missi launateknanna að hluta, en reynist þó í mörgum tilvikum ekki nægjanlegt þegar lítið er til lengri tíma. Í flestum nútíma þjóðfélögum hefur því einnig myndast sú hefð að í tengslum við launuð störf skapist réttur til áframhaldandi greiðslna eftir að vinnuframlagi launþegans lýkur af þeim ástæðum sem að framan voru taldar. Fjármögnun slíks kerfis fellur amk að hluta á þá vinnuveitendur sem launþeginn hefur starfað fyrir.

Greina má lífeyriskerfi þar sem réttindaöflun tengist vinnuframlagi í tvo megin flokka. Annars vegar kerfi sem byggja á **ákvörðun réttinda** (e: defined benefit) og hins vegar þau sem byggja á **ákvörðun framlaga** (e. : defined contribution). Í kerfum með ákvörðuðum réttindum er í samningi launþega og vinnuveitenda kveðið á um að fyrir tiltekið starfsframlag öðlist launþegi tiltekin réttindi til lífeyrisgreiðslna, og eru þau réttindi oftast ákvörðuð sem hlutfall af launum. Oft er miðað við lokalaun og oftast er árleg réttindaöflun óháð aldri launþegans sem vinnuframlag innir af hendi. Samhliða er yfirleitt kveðið á um þátttöku launþega í fjármögnun, en vinnuveitandi ábyrgist með einum eða öðrum hætti þau réttindi sem um er samið og hefur vinnuveitandi ekki rétt til að skerða réttindi launþegans til lífeyris.

Þegar um er að ræða ákvörðuð framlög er samningur launþega og vinnuveitenda á þá leið að vinnuveitandi og oftast einnig launþegi greiði þann tíma sem launþegi er í starfi tiltekin framlög, sem oftast eru ákveðin sem hlutfall launa. Þessi framlög skulu svo standa undir lífeyrisréttindum launþegans. Vinnuveitandi ber ekki frekari skuldbindingu vegna lífeyrisréttinda launþeganna, og munu þau ráðast af því hvernig til tekst um ráðstöfun þess fjár sem til lífeyriskerfisins er varið. Regluleg framlög launþega og vinnuveitenda til lífeyriskerfis eru kölluð **iðgjöld**, og á það jafnt við í kerfi ákvarðaðra réttinda sem framlaga.



ákv. réttinda

Fyrri kosturinn hefur ekki verið mikið notaður hérlandis, helstu dæmi þar um eru kjarasamningar fastráðinna ríkisstarfsmanna og sumra bankamanna. Erlendis, einkum í Bandaríkjunum og Bretlandi er þetta hins vegar sá háttur sem hefur verið ráðandi í lífeyriskerfum hjá launþegum í einkarekstri, amk. meðal stærri fyrirtækja.

Til frekari skýringar á má segja að í kerfum ákvarðaðra réttinda séu réttindi föst stærð en iðgjöld breytileg, og öfugt í kerfi ákvarðaðra framlaga má segja að iðgjöld séu föst stærð en réttindi breytileg.


Önnur flokkun lífeyriskerfa sem oft er notuð er skipting í **séreignarsjóði** og **sameignarsjóði**. Séreignarsjóðir eru í raun kerfisbundinn sparnaður, í tengslum við launuð störf, og veita ekki þá tryggingarvernd sem sameignarsjóðir veita, og verða slíkir sjóðir ekki til umfjöllunar hér.

Algengasta fyrirkomulag hérlandis er að launþegi og vinnuveitandi greiði báðir iðgjöld til lífeyrissjóðs, sjálfseignarstofnunar sem í reglugerð er sett það hlutverk að veita lífeyrisréttindi til handa þeim sem með iðgjaldagreiðslum hafa öðlast aðild að sjóðnum. Í reglugerðinni er ákveðið hvernig réttindi ávinnast, og jafnframt tekið fram að sjóðfélagar beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en launum. Þar sem ekki er um að ræða utanaðkomandi ábyrgðaraðila, eða hlutafé sem ganga má að ef sjóðinn þrýtur er jafnan einnig að finna ákvæði þess efnis að heimilt sé að skerða réttindi sjóðfélaga ef í ljós komi að sjóðurinn geti ekki staðið við greiðslur samkvæmt reglugerð. Þannig er ekki hugsanlegt að slíkur sjóður verði gjaldþrota vegna lífeyriskrafna, skuldbindingar geta aldrei orðið umfram það sem eignir hrökkva fyrir og við sjáum að slíka sjóði verður að flokka sem kerfi ákvarðaðra framlaga.

## 2. Hvað munu lífeyrisréttindin kosta

Lífeyrisgreiðslur til fyrrum launþega og/eða aðstandanda þeirra munu oftast dreifast á mörg ár eða áratugi, og eru auk þess háðar óvissum atvikum. Þannig geta greiðslur vegna hvers einstaks launþega verið háðar ævilengd hans og starfspreki, ævilengd aðstandanda, og oftast einnig háðar þróun launa eða verðlags. Endanlegur kostnaður við tiltekin lífeyrisréttindi liggur ekki fyrir fyrir en síðasti launþeginn og síðasti aðstandandi sem átti tilkall til slíkra réttinda er fallinn frá. Það getur eins og áður sagði verið mörgum áratugum eftir að til réttindanna var stofnað.

Þeim aðilum sem standa eiga straum af kostnaði við lífeyrisréttindi er engu að síður nauðsynlegt að hafa á hverjum tíma allgóða




hugmynd um þær greiðslur sem réttindi muni hafa í för með sér. Launþegar sjálfir hafa áhuga á að vita hvort líklegt sé að þeir sem tekið hafa að sér slíkar greiðslur til þeirra muni geta innt þær af hendi í fyllingu tímans. Ríkisvaldið getur einnig haft áhuga á slíku þar sem annars kann að koma til aukinna greiðslna frá almannatryggingum. Beri fyrirtæki ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum er mat á þeirri skuldbindingu einn þeirra þátta sem er ákvarðandi um verðmæti fyrirtækisins.

Lítum nú nokkru nánar á það helsta sem máli getur skipt um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni vegna dæmigerðs lífeyriskerfis sem veitir rétt til ellilífeyris frá tilteknum aldri, örorkulífeyris ef launþegi missir starfsgetu sína fyrir þann tíma vegna sjúkdóms eða slyss og greiðslur til maka og barna við fráfall launþegans.

Fyrst er að sjálfsögðu að telja ákvæði um ávinnslu réttinda, t.d. hversu mörg prósent af launum vinna menn sér inn fyrir hvert ár, ákvæði um rétt til örorkulífeyris, makalífeyris o.s.frv. Einnig ævilengd launþeganna, fjölda þeirra sem verða öryrkjar, aldur maka þeirra sem falla frá og fjölda barna. Séu lífeyrisréttindi bundin við þróun launa, hverjar verða þá launahækkunar, bæði almennar og þær sem tengjast hverjum einstökum sjóðfélaga, eða ef miðað er við þróun verðlags, hverjar verða þá hækkunar verðlags á tímabilinu.

Þegar leggja á mat á kostnað vegna lífeyrisgreiðslna verður ekki hjá því komist að leggja mat á alla þá þætti sem að framan eru taldir allan þann tíma sem ætlað er að greiðslurnar geti náð til. Hvað varðar það sem kalla má líffræðilega þætti, (ævilengd, örorkulíkur o.s.frv.) má gera það með þeim hætti að gera ráð fyrir að ákveðið hlutfall launþega sem kerfið tekur til deyjji eða missi starfsorku sína á hverju aldursári, sama gildi um maka þeirra og börn. Við mat á þeim hlutföllum er þá gjarna miðað við reynslu úr hópum sem ætla má að séu hvað þetta varðar svipaðir þeim hóp sem er til skoðunar. Þó sá tími sem hvers einstakur launþegi nýtur lífeyrisgreiðslna sé ófyrirsjáanlegur má ef um er að ræða nokkuð stóran hóp reikna með þessum hætti af nokkru öryggi hve margir verði að meðaltali með réttindi til bóta á hverju ári. Að gefnum slíkum forsendum um þessi atriði og reglum um réttindaávinning ásamt forsendum um breytingu áunninna réttinda með vegna breytinga efnahagslegra stærða (þróun launa og/eða verðlags) er þá unnt að reikna út væntanlegar eða meðaltals lífeyrisgreiðslur á hverju ári svo langt sem þurfa þykir fram í tímann, etv.. 50 til 100 ár.



### 3. Um fjármögnun.


Þær greiðslur til lífeyrisþega sem réttindi í lífeyriskerfi hafa í för með sér þarf svo að fjármagna með einhverjum hætti. Hér má hugsa sér ýmsar aðferðir, allt frá hreinu **gegnumstreymi**, þ.e. að lífeyrir sé fjármagnaður þegar hann kemur til greiðslu, til **fullrar sjóðmyndunar**, en með því er átt við að um leið og réttindi eru veitt, sem oftast er þegar vinnuframlag launþega er reitt fram, sé lagt fram fjármagn sem ásamt þeim vöxtum sem á það munu safnast fram að greiðslutíma sé nægjanlegt til þess að standa undir þeim greiðslum sem af veitingu réttindanna leiða. Þarna á milli er svo ýmsir möguleikar. Almannatryggingar eru oft fjármagnaðar með gegnumstreymi, fjár til greiðslu á lífeyri bótáþega á hverjum tíma er aflað með sköttum á þá sem eru starfandi. Í flestum lífeyriskerfum tengdum starfsréttindum er gert ráð fyrir sjóðmyndun a.m.k. að hluta. Er það bæði vegna óska launþega um aukid öryggi fyrir því að unnt verði að standa við skuldbindingar þegar þær eiga að koma til greiðslu, og óska vinnuveitenda um að draga úr sveiflum vegna greiðslna til lífeyriskerfisins.

Forsenda þess að skynsamlegt sé að notast við sjóðssöfnun er að sjálfsögðu að unnt sé að ávaxta fé að minnsta kosti til jafns við hækkun réttinda en hérlendis var eins og öllum er kunnugt fjarri því að svo væri um langt árabil.

Ef ákveðið er að notast við sjóðmyndun þarf að svara þeirri spurningu hversu mikið þurfi að leggja fyrir til að standa undir tilteknum réttindum. Gerum ráð fyrir að greiðslubyrði hafi verið áætluð með þeim aðferðum sem raktar voru hér að framan, þannig að þekkt sé hvenær og hversu háar fjárhæðir muni koma til greiðslu vegna réttindanna. Til þess að vita hversu mikið leggja þarf til hliðar þarf þá að auki forsendur um hvaða ávöxtun muni nást á fjármuni allt fram til þess tíma að síðasta greiðsla vegna lífeyrisréttindanna kemur til útborgunar.

### 4. Tryggingafræðilegar úttektir

Það sem kallað er tryggingafræðileg úttekt á lífeyriskerfi felur að jafnaði í sér þá meginþætti sem lýst var hér að framan. Áætlaðar eru greiðslur úr kerfinu, einnig greiðslur inn í kerfið, þ.e. iðgjaldagreiðslur og ef um er að ræða kerfi með sjóðmyndun, þeir vextir sem nást muni á fjármuni sem á hverjum tíma eru til ávöxtunar. Samanburður á þessum áætlunum leiðir svo í ljós hvort




áformaðar tekjur muni hæfilegar til að standa undir þeim útgjöldum sem leiða af reglum um lífeyrisréttindi, eða hvort fyrirsjáanlegur verði tekjuafgangur eða skortur á fé. Komi í ljós misræmi þarna á milli er tryggingafræðingi gjarna falið að gera tillögur um aðgerðir sem komi jöfnuði á. Oft eru reikningar framkvæmdir miðað við raunverð greiðslna, og ávöxtun þá eftir því hvort lífeyrisgreiðslurnar miðast við laun eða verðlagsþróun reiknuð sem ávöxtun umfram laun eða ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Draga má saman í þrjú þrep:

1. Val á forsendum um ævilengd, örorkulíkur, aldur maka og fjölda barna, etv. einnig um úrgöngur úr sjóðnum. Einnig þarf forsendur um þróun efnahagsstærða, launa, vaxta og verðlagshækkana, eða að minnsta kosti um innbyrðis hlutföll þessara stærða.
2. Með forsendum úr 1. ásamt með ákvæðum um iðgjaldagreiðslur og réttindaöflun er sett fram spá um inn- og útgreiðslur.
3. Með afvöxtun til útreikningsdags er með niðurstöðum úr 2. fundið núvirði skuldbindinga og núvirði eigna og iðgjalda.

Segja má að ekki sé nauðsynlegt að nota síðasta þrepið, en betri yfirsýn fæst með því að draga niðurstöður saman í eina tölu, auk þess sem óvissan er mest um þær greiðslur sem lengst eru frá útreikningsdegi í tíma, og með afvöxtun minnkar vægi þeirra. Reyndar er það oft svo að eingöngu er birt niðurstaða um núvirði skuldbindinga og núvirði eigna og iðgjalda miðað við útreikningsdag.

Skoðum nú nokkur hugtök til viðbótar sem oft eru nefnd í sambandi við tryggingafræðilegar úttektir lífeyrissjóða. Með **reiknigrundvelli** er átt við þær forsendur sem taldar eru upp í lið 1. Þegar tryggingafræðileg úttekt er gerð á lífeyrissjóð sem starfað hefur um einhvern tíma eru áfallnar skuldbindingar sjóðsins þau réttindi sem sjóðfélagar hafa áunnið sér í starfi sínu fram til þess tíma, og sú tala sem gefin er upp sem **áfallin skuldbinding** sjóðsins á þeim tíma er þá það mat á greiðslum vegna þessara skuldbindinga sem reiknigrundvöllur gefur. **Núvirði framtíðariðgjalda** er svo sú tala sem fæst með því að beita reiknigrundvelli til að meta núvirði iðgjaldagreiðslna vegna þeirra sjóðfélaga sem nú eru í sjóðnum, hins vegar er yfirleitt ekki gert ráð fyrir að nýir félagar muni ganga í sjóðinn, eða að **núverandi félagar** muni ganga úr honum. **Núvirði framtíðarskuldbindinga** er mat samkvæmt reiknigrundvelli á núvirði þeirra greiðslna sem leiða munu af þeim réttindum sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér fram til þess tíma er þeir hefja töku lífeyris eða falla frá,



eða með öðrum orðum sú skuldbinding sem kemur á móti framtíðariðgjöldum.

Ef

EIGN + NÚVIRÐI FRAMTÍÐAR IÐGJALDA = ÁFALLNAR SKULDBINDINGAR + FRAMTÍÐAR SKULDBINDINGAR


er lífeyriskerfið samkvæmt forsendum reiknigrundvallarins í jafnvægi.

Nokkur dæmi um not tryggingafræðilegra úttekta á lífeyriskerfum :

1. Meta kostnað við tiltekið lífeyriskerfi til langs tíma, eða breytingu á lífeyriskerfi
2. Meta hvaða lífeyrisréttindi er unnt að veita miðað við tiltekna inngreiðslur
3. Meta framlög sem þyrfti til að mynda sjóð til að standa undir ákveðnum réttindum
4. Meta skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda við sameiningu fyrirtækja, eða lokun á lífeyriskerfi
5. Gefa sjóðfélögum upplýsingar um að hve miklu leiti sjóðir sem myndaðir hafa verið standa undir skuldbindingum
6. Gera áætlun um greiðslur úr lífeyrissjóði til að nota við val á fjárfestingum fyrir sjóðinn.

Í síðasta tilvikinu er þörf á að setja fram spá um greiðsluþróun, en ekki eingöngu núvirði.

Víkjum nú aftur að algengum reglugerðum íslenskra lífeyrissjóða og lítum á atriði sem rétt er að hafa í huga við skoðun á niðurstöðum tryggingafræðilegra úttekta þeirra. Algengt er að réttindi séu miðuð við nokkurs konar meðalævilaun, á hverju ári ávinna sjóðfélagar sér stig eftir hlutfalli greiddra iðgjalda og svokallaðra grundvallarlauna sem í fyrstu voru ákveðin af sjóðsstjórn, en fylgja nú almennt breytingum á lánskjaravísitölu. Eldri réttindi og lífeyrisgreiðslur fylgja breytingu grundvallarlaunanna. Réttindaöflun er þannig óháð aldri, þ.e. sjóðfélagar öðlast jafnmikil réttindi fyrir þau iðgjöld sem greidd eru þeirra vegna til sjóðsins á ungum aldri og t.d. árið áður en þeir láta af störfum. Sé unnt að ná jákvæðri ávöxtun eigna



sjóðsins miðað við hækkun lífeyrisréttinda verður sjóðnum hagstæðara að taka við iðgjöldum ungra sjóðfélaga en hinna eldri. Er þar að finna skýringu á því að talað er um að sjóðir hafi mishagstæða aldursskiptingu, en það má þá í raun rekja til ákvæða um réttindaöflun, þar sem í sjálfu sér þyrfti ekki að vera óhagstæðara að reka lífeyrisjóð þar sem meðalaldur er hár en sjóð þar sem meðalaldur er lágur.


Lýsa má fjármögnun slíks sjóðs þannig að sjóðmyndun er hraðari en vöxtur skuldbindinga á fyrri hluta starfsævi sjóðfélaga. Því má búast við að hlutfallið eignir/áfallin skuldbinding verði hærra en hlutfallið (eignir+núvirði framtíðariðgjalda)/(áfallin skuldbinding+skuldbinding vegna framtíðariðgjalda), þ.e. að staða sjóðsins verði betri ef ekki er tekið tillit til þeirra réttinda sem sjóðfélaginn á eftir að ávinna sér.

## 5. Um val á forsendum

Svo sem fram kemur í því sem að framan sagði eru niðurstöður úr tryggingafræðilegum úttektum háðar þeim forsendum sem notaðar eru, eða hvaða reiknigrundvöllur er notaður. Ljóst er að það er ógerningur að segja fyrir með vissu um alla þá þætti sem mynda reiknigrundvöll þá áratugi sem reikningar þurfa að ná til.

Þær forsendur sem mest óvissa ríkir um eru hinar efnahagslegu forsendur, þ.e. launa eða verðlagsþróun og svo vaxtastig. Lífeyrisskuldbindingar eru eins og oft hefur verið á minnst til langs tíma og er því yfirleitt miðað við vaxtastig sem talið er að geti verið langtímavextir fyrir öruggar fjárfestingar þegar lítið er til lengri tíma. Við mat á hæfilegu vaxtastigi í þessu tilliti er gjarna horft á reynslu liðinna áratuga. Hérlandis er einnig horft til reynslu í öðrum þjóðfélögum, bæði vegna stútrar reynslu hérlandis og svo hinna óvenjulegu aðstæðna sem hér ríktu á fjármagnsmarkaði um skeið.

Tengt vali á vaxtastigi er mat á eignum sjóðsins á þeim tíma sem úttekt fer fram. Á sumum eignum kann að vera til ákveðið markaðsverð, annað verð gæti fengist af kaupverði o.s.frv. Eignir sjóðsins geta að auki verið álitnar mistraustar. Sá tími sem eignir eru bundnar er væntanlega breytilegur, sama gildir um vexti og verðtryggingarákvæði þeirra. Til samræmis við meðferð lífeyrisgreiðslna sem áætlaðar eru hjá sjóðnum getur komið til álita að núvirða þær greiðslur sem eignir sjóðsins þegar úttekt er gerð eru taldar munu skila sjóðnum með sömu vöxtum og notaðir eru við lífeyrisgreiðslur, og nota þannig fengið verðmat eignanna í stað bókfærðs verðs.



Þau dæmi sem hér hafa verið tilfærð um hugsanleg frávik frá markaðsvöxtum, markaðsverði og bókfærðu verði í tryggingafræðilegum úttektum eru ekki til marks um að tryggingafræðingar telji sig hæfari til að ráða í framtíðina en aðra. Miklu fremur ræðst það af þeim notum sem úttektum eru ætluð, sem er oftast að setja fram áætlun til langs tíma, og því að oftast er reynt að áætla af nokkurri varfærni.

Val á forsendum getur jafnvel ráðist af því hvert form er á rekstri þess lífeyriskerfis sem er til skoðunar.

Hugsum okkur t.d. hlutafélag sem sem selur lífeyristryggingar. Félagið gerir samning um greiðslur langt fram í tímann og hefur yfirleitt ekki möguleika á að víkja frá ákvæðum samningsins til skaða fyrir tryggingartakann. Standist forsendur reiknigrundvallar ekki getur félagið orðið að grípa til eigin fjár til að greiða hinum tryggðu, og getur jafnvel orðið gjaldþrota. Hér er því nauðsynlegt að velja allar forsendur af mikilli varfærni, þ.e. gera ráð fyrir að þróun verði félaginu óhagstæð, að ávöxtun verði lág, mikið um örorku, lífeyrisþegar verði langlífir o.s.frv. Það fé sem safnast í sjóði félagsins vegna þess sem gengur á betri veg en hinar varfærnu forsendur gera ráð fyrir er svo jafnan notað til þess að bæta hag hinna tryggðu, hækka lífeyrisgreiðslur eða lækka iðgjöld.


Ef hins vegar er litið á vinnuveitanda sem stofnar lífeyriskerfi sem hann ábyrgist og óskar tillögu um hve mikið skuli leggja til þess á hverju ári, er ekki víst að eigi við varfærni í sama mæli og hjá tryggingarfélaginu. Ef svo væri gert gætu greiðslur vinnuveitandans inn í sjóðinn orðið mjög háar fyrst í stað en myndu svo fara lækkandi. Þarna yrði líklega fremur reynt að miða við að framlög yrðu sem jöfnust sem hlutfall af launagreiðslum yfir líftíma kerfisins, og tekið mið af því sem talið væri raunsæjar forsendur um sem flesta þætti. Frávik frá forsendum yrðu svo jöfnuð annaðhvort með að draga úr greiðslum vinnuveitanda til sjóðsins, eða sérstökum inngreiðslum.

## 6. Gildi tryggingafræðilegra úttekta

Hér hefur verið bent á að ekki sé í raun annarra kosta völ en að styðjast við mat á þeim óvissu stærðum sem ráða útgjöldum og tekjum lífeyriskerfa. Framkvæmd á slíki mati kemur í hlut tryggingastærðfræðinga að vinna en niðurstöður tryggingafræðilegra úttekta eru ekki algild sannindi. Það er nærri óhjákvæmilegt að þegar tímar líða muni koma fram frávik frá því mati sem sett var fram. Mikilvægt er að fylgjast með slíkum







frávikum og endurmeta jafnan stöðuna í ljósi nýrra upplýsinga. Hver viðbrögð verða við frávikum fer eins og áður var lýst mjög eftir því hvers eðlis þeir samningar eru sem aðilar lífeyriskerfisins hafa gert með sér, og eftir hvaða reglum það starfar.

Svo rifjað sé upp frá því að framan : Í kerfi sem er með ábyrgð vinnuveitanda má nota stærð framlaga vinnuveitanda til þess að jafna slíkan mun. Hjá hlutafélagi sem selur lífeyrstryggingar er jákvæðum mun alla jafna varið til þess að auka réttindi hinna tryggðu, og komi fram neikvæður munur getur félagið þurft að grípa til eign fjár.

Ef við lítum til kerfis með ákvörðuðum framlögum þar sem heimilt er að skerða réttindi, eins og algengast er um íslenska lífeyrissjóði, geta komið upp mismunandi sjónarmið hvernig með skuli fara þegar í ljós koma frávik frá reiknigrundvelli. Líta má svo á að stefnt skuli að því að iðgjaldagreiðslur hvers aldurshóps ásamt ávöxtun þeirra skili sér aftur til sama aldurshóps í formi lífeyrisgreiðslna, annað sjónarmið er að líta skuli á sjóðinn yfir lengri tíma sem heild. Reikniaðferðir tryggingastærðfræðinga svara ekki slíkum spurningum einar sér, en þær geta hins vegar veitt hugmynd um áhrif mismunandi leiða fyrir þá einstaklinga sem aðild eiga að sjóðnum, og geta þannig auðveldað skoðanamyndun um þetta efni.

## SAMKOMULAG:

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstjórnin gera með sér eftirfarandi samkomulag um málefni opinberra starfsmanna:

### Samningstímabil verði samningsatriði

1. Fellt verði úr lögum nr. 29/1976 ákvæði um tveggja ára lágmarks-samningstímabil. Lengd samningstímabils verði framvegis samningsatriði. Gildistími aðalkjarasamnings þess sem samkomulagið er tengt, verði frá 1. ágúst 1980 til 31. ágúst 1981.

### Samningsréttur ná til fleiri stofnana

2. Lög nr. 29/1976 ná til:
  - 2.1 Sjálfseignarstofnana sem starfa í almannapágu samkvæmt lögum.
  - 2.2 Stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum.
  - 2.3 Sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga.

Ákvæði um þetta verði sett með lögum eða í reglugerð eftir því sem þörf krefur, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

### Atvinnuleysisbætur til allra

3. Ríkið ábyrgist með lagasetningu, að þeir félagar BSRB, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, njóti atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma. Bótaréttur yrði m.a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hefði sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefði, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum. Ekki er stefnt að myndun sjóðs eða greiðslum í sjóð í þessu skyni. Sérstök nefnd ákveði atvinnuleysisbætur og úrskurði annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin sé skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi isl. sveitarfélaga og einum frá Hæstarétti.

BSRB og fjármálaráðuneytið hafa samhlíða gerð nýs aðalkjarasamnings, geri samkomulag um tiltekin málefni, sem snerta opinberra starfsmenn. Ódlast þar staðfestingu, þegar aðalkjarasamningurinn hefur verið samþykktur af félagsmönnum BSRB í allsherfrakvæðagreiðslu.

Sett verði bráðabirgðatög til lögfestingar á sumum stjórnsáttum þessa samkomulags. Hér fer á eftir samkomulag þetta.

- 4.3 Ef störf eru lögð niður vegna tækr eða skipulagsbreytinga, eiga starfsmenn, án tilkostnaðar, kost á endurhæfingarmenntun, sem geri þeim mögulegt að taka að sér önnur störf með óbreyttum tekjumöguleikum.

Sérstök nefnd skipuð tveim fulltrúum frá hvorum aðila skipulegt námskeiðshald og annist ráðstöfu fjársins.

### Starfsmannaráð í stærri stofnunum

5. Í þeim ríkisstofnunum þar sem vinnu 15 manns eða fleiri, verði komið fótt starfsmannaráðum, sem fjalla um starfstilhögun og fleiri mál, e varða starfsmennina. Sett verði

## Samkomulag samhlíða nýjum samningi

# Miklar félagslegar umbætur og aukin réttindi

### Starfsmenntunarsjóður annist simenntun og endurhæfingu

4. Stofnaður verði starfsmenntunarsjóður fyrir starfsmenn ríkisins innan BSRB og greiði ríkissjóður sem svarar 0,15% af föstum mánaðarlaunum félagsmanna í sjóðinn. Hlutfall þetta verði endurskoðað árlega miðað við þarfir sjóðsins. Sjóðnum, sem starfi samkvæmt reglugerð staðfestri af stjórnvöldum, ber að tryggja fjárhagslegan grundvöll simenntunar og endurhæfingarnáms opinberra starfsmanna í tengslum við störf þeirra.

Markmið sjóðsins eru:

- 4.1 Að starfsmenn beri ekki kostnað af né verði fyrir tekjutapi af námi, sem beinlínis er við það miðað, að þeir geti tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar á sínu sérsviði.
- 4.2 Að starfsmenn eigi, án verulegs kostnaðar, kost á námskeiðum, sem geri þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf en þeir gegna.

reglugerð um skipun og verkefni starfsmannaráða, sem unnin er af nefnd skipaðri fulltrúum beggja samningsaðila.

### Störf eftir að hámarksaldri er náð

6. Sett verði nefnd til að gera tillög um skipan málefna eftirlaunafólki og öryrkja, sem feli í sér rým heimildir til handa starfsmönnum að halda störfum að hluta eftir að hámarksaldri er náð. Í því sambandi verði m.a. höfð hliðsjón af tillögum nefndar, sem fjallað hefur um endurskoðun á reglum um aldursmark starfsmanna Reykjavíkur borgar.

### Samningsréttur gildir um minna en hálfri starfi

7. Fjármálaráðuneytið mun senda BSRB bréf þess efnis, að framvegis verði aðalstarf, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1976 túlkað á þann veg, að undir

það falli hlutastörf, jafnvel þótt þau nái ekki hálfisdags starfi, enda stundi starfsmaður fast samfellt starf og hafi ekki á hendi annað aðalstarf í þjónustu ríkisins. Undanþegið þessari túlkun er sumarvinnufólk eða aðrir í tímabundnum afleysingum.

## Ítrekað samkomulag frá 1976

8. Visað er til samkomulags BSRB og ríkisins frá 1. apríl 1976 um að jafnframt því sem lífeyrissjóðirnir verði skyldaðir til að ávaxta 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, verði miðað við, að ríkissjóður ábyrgist og greiði einungis þann hluta lífeyrisins, sem lífeyrissjóðirnir geta ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánum (verðtryggðum).
- Viðræður um aðrar breytingar á ábyrgð ríkissjóðs á lífeyrisgreiðslum verði teknar upp, þegar fyrir liggja niðurstöður á úttekt á stöðu lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna, sem tryggingafræðingur vinnur nú að.

## Miklar umbætur í lífeyrisréttarmálum

9. Um lífeyrissjóðsmál.
- 9.1 Ríkisstjórnin fellst á, að starfsmenn ríkisins 16 ára og eldri, sem laun taka samkvæmt kjarasamningum BSRB og aðildarfélag þess, fái aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé ekki um að ræða sumarvinnufólk eða aðra í tímabundnum afleysingum.
- 9.2 Gjaldskylda í 32 ár veiti 2% lífeyrisréttindi fyrir hvert þeirra ára. Eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur ávinnst 1% fyrir hvert starfsár til 65 ára aldurs og 2% eftir það til 70 ára aldurs.
- 9.3 Upphæð elli lífeyris er hundradshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast.
- Hafi sjóðfélaginn gegnt herra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrir á sjóðfélagstíma sínum skal miða lífeyrinn við hæstlaunaðasta starfið enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hæstlaunaðasta starf sem hann að viðbættum enn herra launum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

- 9.4 Fellt verði úr lífeyrissjóðslögum ákvæði um mismunandi iðgjald. Iðgjald starfsmanna verði framvegis 4% á móti 6% frá vinnuveitanda. Jafnframt verði felld úr lögum skipting eftirlauna í 21 flokk frá 1,6 — 2,0% fyrir ár. Í staðinn verði 2% fyrir ár hjá öllum.
- 9.5 Sambúðarfólk hafi sama rétt og hjón, sbr. 1. grein laga nr. 15/1980, sbr. einnig 12. gr. 4. mgr. frumvarps til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.
- 9.6 Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktalagsgreiðslum til sjóðsins.
- 9.6.1 Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturna, það er á tímabilinu kl. 22:00 — 09:00 og skal þá alagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
- 9.6.2 Sjóðfélagi greiði 4% af vaktalaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.
- 9.6.3 Mánaðarlaun þau sem vaktalag er miðað við skulu vera viðmiðunarlaun þegar lífeyrir er ákveðinn og iðgjaldið metið.
- 9.6.4 Verði horfið frá því að eitt og sama vaktalag sé fyrir alla launaflokka eða röskun verði á hlutfalli vaktalags og viðmiðunarlauna ellegar breyting á því innan launaflokka kerfisins við hvaða launaflokk vaktalagið sé miðað ákvarðar stjórn lífeyrissjóðsins hver viðmiðunarlaunin skulu vera og þá jafnframt hvort og hvernig umreikna skuli unnin lífeyrisrétt fyrir ára.
- 9.6.5 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktalagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlauninum.
- 9.6.6 Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til lífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlauninum.
- 9.6.7 Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförmum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.
- 9.6.8 Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslunum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvilík tilvik.
- 9.6.9 Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér

sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktalags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð sé samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

- 9.6.10 Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn Lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.
- 9.7 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- Sjóðfélaginn sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð.
- Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu.
- Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.
- Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyrir fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.
- Sjóðfélagi sem nýtur réttar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963 12. gr. 2. málsg., sbr. lög nr. 101/1943 12. gr. og lög nr. 11/1959 1. gr. 2. málsg., getur valið, ef hann kys svo, að neyta þess réttar fremur en réttar þess sem um ræðir hér að framan.
- 9.8 Lögum um lífeyrissjóð hjúkrunkvenna nr. 16/1965 og lögum um lífeyrissjóð barnakennara nr. 85/1963 skal í samráði við stjórnir hlutaðeigandi stéttarféлага breytt til samræmis við þær breytingar, sem samkomulag þetta gerir ráð fyrir.

## Yfirlýsing fjármálaráðherra

10. Fjármálaráðherra mun tryggja það, þegar samkomulag þetta, sem samninganefndir ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa orðið sammála um, hefur verið undirritað, ásamt aðalkjarasamningi og hann verði samþykktur af félögum BSRB í allsherjaratkvæðagreiðslu, að sett verði bráðabirgðalög til lögfestingar á efnisatriðum þeim, sem um ræðir í 1., 2., 3. og 9. tölulíð hér að framan. Frumvörp að þeim lögum verði undirbúin í samráði við BSRB.